



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 1. Skipulag fundar

**Heiti fundar:** 25. fundur aðalstjórnar  
**Fundarstjóri:** Davíð Þór Sigurðarson  
**Fundarritari:** Davíð Þór Sigurðarson

**Dagsetning:** 2.11.2014  
**Staður:** Hettan  
**Tími :** 20:00

#### Þátttakendur:

|   |  |
|---|--|
| Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar  | Þórhallur Harðarsson, formaður körfuboltadeildar |
| Tinna Björk , formaður sunddeildar            | Kristbjörg Jónasdóttir, aðalstjórn               |
| Anna Dís Jónsdóttir, formaður fimleikadeildar |  |
| Árni Ólason, formaður fótboldadeildar         |  |
|   |  |
|   |  |

#### Fjarverandi:

|   |  |
|---|--|
| Elfa Sigurðardóttir, formaður Taekwondo                 | Michal Janicek, formaður Tennis og badmintondeildar      |
| Jón Óli Benediktsson, aðalstjórn                        | Guðgeir Sigurjónsson, formaður Blakdeildar               |
| Björgvin Steinar Friðriksson, formaður handboltadeildar | Svava Þórey Einarasdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar |

### 2. Markmið fundar

Skoðun á tímaúthlutun í íþróttahúsinu, úthluta styrkjum frá Nettó.

### 3. Fundardagskrá

| Fundarefni                           | Stjórnandi umræðu | Tími (mín) |
|--------------------------------------|-------------------|------------|
| Tímar í íþróttahúsinu                | Davíð             | 20         |
| Búninganefnd og næstu skref          | Davíð             | 20         |
| Nettó úthlutun styrks vegna 2014     | Davíð             | 10         |
| Reglur um val á íþróttamönnum Hattar | Davíð             | 10         |
| Önnur mál                            | Davíð             | 10         |
|                                      |                   |            |
|                                      |                   |            |
|                                      |                   |            |
|                                      |                   |            |



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 4. Helstu umræður

#### Tímar í íþróttahúsi

Erindi liggur fyrir fundinn frá stjórn fimleikadeildar vegna tíma sem skarast á við leiki meistaraflokks körfuboltans. Umræður um niðurröðun tíma út frá skipulagi keppnisleikja og það samræmist að mestu leiti æfingátímum deilda. Skörun vegna leikja eftir áramót eru 3 skipti og mun körfuboltadeildin kanna hug deildarinnar til að hugsanlega færa leiki þannig að skörun verði lágmörkuð eins og kostur er. Fyrir áramót er skörunin 5 skipti og er síðsti leikur 19 desember. Fyrir næsta ár skal hafa niðurröður leikjaplana til staðar og úthlutun taki mið af því eins og kostur er.

#### Búninganefnd og næstu skref

Búninganefnd hefur skilað af sér niðurstöðu vinnu sinnar og telur að Höttur skuli halda áfram samstarfi við Jako vegna fatnaðar fyrir félagsmenn og að heildaútlit félagsins sé það sama. Hagur félagsins sé best borgið innan samnings við Jako og einnig er breiðasta línun fánleg hjá félaginu. Nefndin leggur til að sala fatanaðar skuli komið í gott horf þannig að áreiðanleiki og framboð sé til staðar þegar félagsmenn leita eftir því. Sem dæmi um ferli væri hægt að vinna þetta í gegnum sölusíðu og hafa fatnað sýnilegan í íþróttahúsinu til stuðnings.

Aðalstjórn falið að ganga til samninga og útfæra fyrirkomulag með Jako og leggja samning fyrir stjórn til samþykktar sem fyrst.

Aðalstjórn fagnar niðurstöðu nefndarinnar og þakkar henni fyrir framlagið. Ákveðið er að breyta um útlit yfirlínunnar úr því að vera að mestu leiti rautt í að vera svart og hvítt. Vinna skal að því að kynna línuna fyrir stjórnina og fá samþykki. Körfuboltadeildin mun ekki leika í keppnissetti frá Jako heldur verður annar aðili notaður og mun það verða tilkynnt til Jako áður en samningur er undirritaður.

Leitast skal við að allar deildir nýti Jako fatnað í sinni starfsemi og heildarútlit félagsins sé því það sama.

#### Nettó úthlutun styrks vegna 2014

Afhendir voru styrkir til þeirra deilda sem mættar voru á fundinn styrki frá Nettó. Fótbolti, karfa, fimleikar og sunddeild fengu styrki. Formaður mun sjá til þess að styrkir vegna hinna deilda skili sér til formanna viðkomandi deilda. Félagið er mjög ánægt með fyrirkomulag samnings við Nettó og nýttist þetta barna og unglíngastarfinu vel.

#### Reglur um val á íþróttamönnum Hattar

Á síðasta fundi aðalstjórnar var formanni félagsins falið að búa til drög að reglum er snúa að vali á íþróttamönnum Hattar ár hvert og þær reglur séu samþykktar af öllum deildum. Deildir geti síðan sett sér frekari reglur er snúa að sinni íþróttagrein og skipulagi en hafa skal í huga að reglurnar séu opinberar og þekktar á heimasíðu félagsins. Formaður sendi út drög sem rædd voru á fundinum. Umræða var um hvort einn liður í reglum félagsins sem snýr að lögheimili þeirra einstaklinga sem



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

hljóta viðurkenningu sem þessa skuli vera inni. Ákveðið að skrifa skal yfir þetta í nýjum drögum og senda út á alla formenn sem taka þetta fyrir í hverri og einni stjórn. Stefnt er að leggja fram þessar reglur fyrir aðalfund félagsins sem áætlaður er í mars eða apríl n.k.

### Önnur mál

Farið var yfir stöðu vegna Nóra kerfins og vilji formanna allra deilda að taka upp kerfið. Formanni falið að halda áfram að vinna að þessu og koma á samningi.

### 5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

Ganga til áframhaldandi samstarfs við Jako.

### 6. Aðgerðalisti

| Hvað   | Hver      | Í samvinnu við | Dags.   |
|--|-----------|----------------|---------|
| Klára útfærslu samnings við vegna Nóra                     | Davíð     |                | 31.des  |
| Ganga frá samningi við Jako                                | Davíð     | Jako           | 31. des |
| Körfuboltadeild senda inn erindi vegna leikja eftir áramót | Þórhallur |                | 10. nóv |
|  |           |                |         |
|  |           |                |         |
|  |           |                |         |
|  |           |                |         |
|  |           |                |         |
|  |           |                |         |

Fundi slitið Kl. 22:05

Davíð Þór Sigurðarson